

1 **Heilbrigðis- og velferðarmál**

2 Þjónusta við fólk verði í öndvegi skipulags heilbrigðis- og velferðarmála, sem standa eigi öllum
3 til boða óháð efnahag. Setja þarf tímasetta heilbrigðisstefnu til 2030, sem er áfangaskipt með
4 mælanleg markmið og með tryggða fjármögnun í fjármálaáætlun stjórnvalda. Kostnaðargreining
5 verði grundvöllur fjárveitinga til allrar velferðar- og heilbrigðisþjónustu. Einfalda og samþætta
6 þarf kerfið þannig að það sé skiljanlegt og aðgengilegt fyrir alla. Öflugt og sveigjanlegt
7 almannatryggingakerfi er forsenda lífsgæða og velferðar.

8

- 9 • **Þjónusta fyrir öll óháð rekstrarformi**
- 10 • **Aðgengi að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni tryggt**
- 11 • **Nú er tíminn til að niðurgreiða sálfræðiþjónustu**
- 12 • **Kerfi fyrir fólk – ekki öfugt**
- 13 • **Heilsuefling og forvarnir í forgrunni**
- 14

15 *Landsþing 11. febrúar 2023*

16

17 **Þjónusta fyrir öll óháð rekstrarformi**

18 Viðreisn leggur áherslu á valfrelsi og þjónustumiðaða nálgun. Virkja þarf einstaklingsframtak til
19 að takast á við áskoranir framtíðarinnar og tryggja fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðiskerfinu.

20 Viðreisn leggur jafnframt áherslu á að tryggja jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð
21 efnahag. Ólíðandi er að notendur heilbrigðisþjónustu þurfi að greiða það dýru verði að ósamið
22 sé við sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir.

23 Auka þarf fjármagn til að mæta bráðaþjónustu í heilbrigðisþjónustu. Í kjölfarið þarf að búa svo
24 um hnútana að fjármagn byggi á greiningu á þörf og kostnaðarmati á verkum innan
25 heilbrigðiskerfisins. Sérstaklega skal líta til Landspítalans svo hann standi undir þeim
26 gæðakröfum sem nauðsynlegar eru fyrir aðalsjúkrahús þjóðarinnar. Undanfarin ár hafa sýnt í
27 verki það álag sem Landspítalinn er undir og mikilvægi þess að styrkja stoðir hans. Mikilvægt er
28 að létta undir með spítalanum og auka ekki enn frekar á verkefni hans, með því að flytja

29 þjónustu frá öðrum einingum heilbrigðiskerfisins yfir til Landspítalans. Verkefni sem falla utan
30 skilgreinds ramma, séu falin öðrum stofnunum eða heilbrigðisstofnum.

31 Nauðsynlegt er að draga úr vaxandi bráðavanda og biðlistum í heilbrigðis- og velferðarkerfinu
32 sem hefur skapað skilyrði fyrir tvöföldu heilbrigðiskerfi . Það er fátt dýrara fyrir samfélagið en að
33 láta fólk bíða eftir þjónustu. Börn eiga ekki að þurfa að bíða eftir nauðsynlegri greiningu eða
34 þjónustu. Samþætting og einstaklingsmiðuð nálgun á milli kerfa er lykilatriði. Heilsugæslur eiga
35 að vera öflugar um allt land og veita þá nærþjónustu sem nauðsynleg er. Leysa þarf
36 bráðavanda sem snýr að geðheilbrigðismálum og tryggja aðgengi að nauðsynlegum lyfjum.

37 **Aðgengi að heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni tryggt**

38 Efla þarf heilbrigðisstofnanir utan höfuðborgarsvæðisins og gera starfsumhverfi
39 heilbrigðisstarfsfólks eftirsóknarverðara. Viðreisn leggur áherslu á að nýta stafræna tækni til að
40 tengja betur fagfólk og íbúa í byggðum landsins og stuðla þannig að jöfnu aðgengi að
41 heilbrigðisþjónustu. Fjarheilbrigðisþjónusta er þar lykilatriði. Hugsu þarf skipulag sjúkrahúsa upp
42 á nýtt með það fyrir augum að tryggja aðgengi allra landsmanna að heilbrigðisþjónustu og
43 auðvelda sérhæfingu þeirra á ólíkum sviðum.

44 **Sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd**

45 Viðreisn leggur áherslu á að andleg líðan sé jafngild þeirri líkamlegu og aðgangur fólks að
46 sálfræðiþjónustu eða annarri nauðsynlegri klínískri meðferð verði niðurgreiddur. Í því skyni
47 leggur Viðreisn áherslu á að Sjúkratryggingar Íslands fái fjármagn til að semja við sjálfstætt
48 starfandi meðferðaraðila í samræmi við samþykkt lög um niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu.

49 **Kerfi fyrir fólk – ekki öfugt**

50 Viðreisn leggur áherslu á að einfalda þau kerfi sem eiga að halda utan um fólk og að þau verði
51 sveigjanlegri. Enginn lífeyrisþegi almannatrygginga fái lægri heildartekjur en sem nemur
52 lágmarkslaunum. Lífeyriskerfi almannatrygginga skal einfaldað og dregið úr vægi skerðinga.

53 Búum eldra fólk áhyggjulaust ævikvöld. Framboð af hjúkrunarheimilum og öðrum úrræðum
54 verður að vera í samræmi við fyrirsjáanlega þörf. Koma þarf á millistigi milli heimilis og
55 hjúkrunarheimila og tryggja fjölbreytt búsetuúrræði fyrir eldra fólk, þar sem fólk sé gert kleift að
56 búa lengur heima hjá sér með góðum stuðningi. Samhæfa þarf stuðning ríkis- og sveitarfélaga.

57 Viðreisn leggur áherslu á að starfslok miðist við færni fremur en aldur.

58 Tryggjum öryrkjum mannsæmandi lífskjör. Sköpum samfélag sem byggir á þátttöku allra og
59 virðum frelsi fólks til að stjórna eigin lífi. Styðjum fólk með skerta starfsgetu til starfa með aukinni
60 starfsendurhæfingu og bættri geðheilbrigðisþjónustu.

61 Virðum réttindi fólks með fötlun til jafns við aðra. Fjarlægja á þær hindranir sem standa í vegi
62 þess að tryggja mannréttindi og samfélagsþátttöku fatlaðs fólks. Í því skyni verður að gera ríkar
63 kröfur um aðgengi að mannvirkjum, samgöngum og upplýsingum. Hið opinbera á að vera
64 leiðandi í sköpun hlutastarfa fyrir fatlað fólk. Fjölga á samningum um notendastýrða
65 persónulega aðstoð (NPA) og tryggja gæði þjónustunnar. Viðreisn telur löngu tímabært að
66 lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

67 Innleiða þarf valfrelsi varðandi lífslok þannig að við vissar vel skilgreindar aðstæður, verði
68 dánaraðstoð mannúðlegur valkostur fyrir þá einstaklinga sem kjósa að deyja á eigin forsendum.
69 Sá valkostur byggir á virðingu fyrir rétti sjúklingsins á eigin lífi og líkama, dregur úr líkum á
70 misnotkun og dregur skýran lagalegan ramma um viðbrögð, óski sjúklingur eftir dánaraðstoð
71 þegar engin önnur úrræði eru í boði. Tryggja þarf að sjúklingum, og eftir atvikum aðstandendum
72 þeirra, sé tafarlaust tilkynnt ef grunur er um að mistök hafi verið gerð og hvaða úrræði kunni að
73 standa þeim til boða. Sett verði á eftirlitsnefnd sem starfar þvert á allar heilbrigðisstofnanir og
74 fylgir eftir tilkynningum um möguleg mistök heilbrigðisstarfsmanna í heilbrigðisþjónustu.

75 **Heilsuefling og forvarnir í forgrunni**

76 Forvirkar aðgerðir og forvarnir eiga að vera leiðarstef í skipulagi ríkisins í heilbrigðis- og
77 velferðarmálum. Með öflugri forvarnarstefnu tryggjum við betri líðan og minna langtímaálag á
78 heilbrigðis- og velferðarkerfin. Samhliða afglæpavæðingu vímuefna þarf að efla forvarnir og
79 fræðslu.

80 Heilsuefling þarf að vera hluti af samfélaginu öllu til að koma í veg fyrir veikindi, bæði andleg og
81 líkamleg. Fræðsla um mataræði, hreyfingu, andlega vellíðan og snemmtæka íhlutun eiga að
82 vera hluti af námi barna. Tryggja þarf aðgengi að fræðslu og heilsueflandi úrræðum handa öllum
83 út æviskeiðið.